

Siglingaráð

4. fundur

Dags.: 12. mars 2018, kl. 13:00 til 15:15 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Mættir: Ásbjörn Óttarsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Björn Freyr Björnsson (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Guðjón Á. Einarsson (Félag skipstjórnarmanna), J. Snæfríður Einarsson (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmteknimanna), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Axel Helgason (Landssamband smábátæigenda), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Sigrún Árnadóttir (Hafnasamband Íslands), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Garðar Jóhannsson (Samtök verslunar og þjónustu), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg),

Lagt var fram:

1. Fundargerð 3. fundar Siglingaráðs (ÁP sendi í tölvupósti).
2. Dagskrá fundar (ÁP sendi með fundarboði).
3. Áætlun um verkefni og ráðstöfun fjár 2018 (Siglingaráð).
4. Drög að starfsreglum varðandi úthlutun rannsóknarstyrkja (ÁP).

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

ÁÓ setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt. Með einni athugasemd, þ.e. að velferðarþjónusta eigi að vera fyrir alla sjómenn, ekki einungis erlenda eins og stendur í fundargerðinni og verður það lagfært.
2. ÁÓ upplýsti að Siglingaráð fari nú, í umboði ráðuneytisins, með ákvarðanir um verkefni á áætlun um öryggi sjófarenda og fjárveitingar til þeirra. Vinnuframlag Samgöngustofu til áætlunarinnar koma af fjárveitingum stofnunarinnar líkt og í umferðaröryggisáætlun.
3. ÁP fór yfir áætlun um verkefni 2018. Fjárveiting ársins er 13,5 mkr og áætluð tilfærsla frá árinu 2017 er 4,98 mkr eða samtals til ráðstöfunar 18,48 mkr.
 - a. Siglingaráð hefur þegar samþykkt verkefni 213, 214, 215 og 216 undir liðnum fræðsla og miðlun upplýsinga, sem í fara samtals 5,3 mkr.
 - b. Lækningahandbók sjófarenda um kennslu í sjúkrahjálp og lækningum var rædd en hana þarf að „núttímavæða“ ákveðið tala við Kristinn Sigvaldason lækni sem upphaflega þýddi og staðfærði handbókina, lækningum og, varðandi verkefnið. IV/HS, ÁP og ÁLÁ ætla að kanna málið hjá Kristni og/eða bráðalæknum sem starfa með Gæslunni fyrir næsta fund.
 - c. Öryggishandbók fyrir skip. JSE upplýsti að vinnuhópurinn hafi fundað um morguninn og ákveðið að skilgreina betur hvaða efni eigi að vera í handbókinni, taka saman hvaða fræðsluefni sé þegar til og síðan fá tilboð í gerð þess efnis sem vantar. Öryggishópur SFS verður einnig hafður með í ráðum við þetta verkefni.
 - d. Rætt var um áherslur í áróðri/auglýsingum á þessu ári. Ákveðið að ÁP fái yfirlit um birtingu auglýsinga síðustu árin þ.e. upplýsingar um fjölda auglýsinga, hvar auglýsingar voru birtar og hver kostnaðurinn var. Varðandi áherslur ársins 2018 komu fram hugmyndir um AIS/GPS, tilkynna þegar farið er inn á skuggasvæði, hlustun á VHF 16, stöðugleiki/ofhleðsla, eigin skoðun skipa, áhættumat, atvikaskráning, þreyta, fallhætta og lokuð rými. Bent var á þann möguleika að koma skilaboðum til sjómanna með tilkynningum og fréttapóstum samtaka til sinna félagsmanna. Ákveðið að ÁP kanni áhuga tryggingafélaga á samstarfi í gerð og birtingu auglýsinga um öryggismál sjófarenda og jafnvel víðtækara samstarfi í öryggismálunum.

- e. Styrkir til hugvitsmanna voru ræddir og ÁP kynnti drög að starfsreglum um úthlutun þeirra. Ákveðið var að hækka upphæð styrks í allt að 2,5 mkr. ÁP ætlar að senda ný drög á fulltrúa í Siglingaráði seinna í dag og verður opið fyrir athugasemdir til hádegis miðvikudaginn 14. mars n.k. Styrkir verða auglýstir á heimasíðum með hlekk á umsóknarform á vef Samgöngustofu.
- f. Umræða var um öpp og ákveðið að fresta verkefnum til næsta árs. Fram kom að tilurð hugmynda um eigin skoðun skipa væru ófullnægjandi skoðanir skoðunaraðila sem ábyrgur eigandi gæti sinnt miklu betur. Bent á norskar reglur því til stuðnings þar sem eigendur smærri skipa framkvæma eigin skoðanir á móti hefðbundnum eftirlitsskoðunum. Gagnrýnt var að Samgöngustofa sinni ekki eftirliti með skoðunaraðilum nægilega vel. Ákveðið var að:
 - i. Senda fyrirspurn um tíðni eftirlits Samgöngustofu með skoðunaraðilum.
 - ii. Fá upplýsingar um stöðu mála varðandi breytingar á reglugerðum sem heimili eigin skoðun skipa undir 15 metrum að lengd.

ÁP ætlar að uppfæra áætlun um verkefni 2018 m.v. fram komnar breytingar. Skjalið verður framvegis uppfært við breytingar, tilfærslur og greiðslur sem inntar hafa verið af hendi.

4. Önnur mál:

- a. AH sagði frá nýjum gerðum vökustaura sem notaðir eru erlendis og ræsa alla um borð ef vakthafandi skipstjórnarmaður sofna.
- b. Reglugerð um lyf- og læknisáhöld í skipum er í endurskoðun hjá Samgöngustofu. Óska þarf eftir upplýsingum um stöðu mál við þá vinnu.
- c. Kalla þarf eftir upplýsingum um stöðu mála varðandi reglugerð um RIB báta.
- d. ÁLÁ minnti á þörf á breytingum á reglugerð nr. 463/1998 um leyfi til farþegaflutninga. Því útlit er á að einhverjir rekstraraðilar farþegabáta fari ekki eftir reglugerðinni því engar refsheimildir eru fyrir hendi. BFB er að vinna í málinu.

5. Næsti fundur verður fimmtudaginn 12. apríl 2018 kl. 13:00 og verður boðaður með tölvupósti.

IV ritaði fundargerð.